

**Mýrdalshreppur – Aðalskipulag**  
**Austurvegi 17**  
**IS-870 Vík í Mýrdal**

**EFNI: Athugasemd við tillögu að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028**

Undirrituð krefst þess hér með að sá hluti tillögu að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028 sem felur í sér nýja legu þjóðvegur 1 um Mýrdalinn verði að öllu leyti dreginn til baka.


Með tilfærslu þjóðvegur 1 samkvæmt aðalskipulagstillögunni niður í Víkurfjöru, um Reynis- og Dyrhólahverfi er óafturkræfum breytingum á umhverfi fórnað fyrir smámunalegar sýndarbætur sem þó virðast einvörðungu felast í styttingu ferðatíma í gegnum sveitarfélagið um örfáar mínútur.

- Ekki hefur verið sýnt fram á hagkvæmni þessa samgöngukosts í samanburði við aðra kosti.
- Langtíma hagsmunum ferðarþjónustu er fórnað vegna eyðileggingar á svæðum sem eru eftirsótt til skoðunar og útivistar, þ.e. náttúruminum við Dyrhólaós og Reynisfjall og Víkurfjöru.
- Tillagan (og möguleg framkvæmd hennar) verðfellir fasteignir, landeignir og lífsgæði fjölda manns á svæðinu.
- Breytt veglína mun ekki bæta hag fyrirtækja í Vík, því flest þeirra eru nú þegar staðsett við þjóðveg 1 eða nærri honum.
- Gerð þjóðvegur og jarðganga eftir umræddri veglínu verður gífurlega kostnaðarsöm án þess að sýnt hafi verið fram á þörf fyrir hana.
- Fjármunum sveitarfélagsins og skattborgara þess er betur varið til að efla umhverfisvæna ferðarþjónustu og landbúnað en að ausa þeim í kostnaðarmun raunhæfra og óraunhæfra valkosta í vegabótum og mögulegar skaðabætur til landeigenda.

Samkvæmt spám verðurfræðinga er á komandi árum og áratugum gert ráð fyrir verulegri hækkun yfirborðs sjávar, og að sú hækkun verði hraðari og meiri eftir því sem nær dregur heimskautasvæðunum. Ekkert fær réttlætt áform sveitarstjórnar Mýrdalshrepps um að færa hringveg Íslands – sem í reynd er sameign og hluti af öryggisneti allrar þjóðarinnar – í þá stöðu að jafnvel ótæpilegt viðhald fái ekki tryggt framtíðaröryggi hans. Þjóðvegur 1 er þjóðareign sem er byggður og haldið við með fjármunum skattgreiðenda og ber því að skipuleggja og staðsetja með hagsmuni allra Íslendinga að leiðarjosi.

Tillaga um færslu þjóðvegur 1 er vanhugsuð, áhættusöm og fokdýr. Hún var mótuð og knúin fram af offorsi og tillitsleysi við mannréttindi og öryggi borgaranna. Íslendingar hafa fengið nóg af því að borga fyrir vanhugsaðar fjárfestingar og nægir þar að líta til ónothæfra hafnarmannvirkja, hrunins bankakerfis og tómrar skrifstofuhalla.

Vatnsskarðshólum, 20. nóvember 2011



Sandra Lee Best